

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd

25. nóvember 2020

Umsögn Samorku um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir í þágu sveitarfélaga vegn heimsfaraldurs kórónuveiru, 43. mál.

Samorka, samtök orku- og veitufyrirtækja veita hér umsögn um þingsályktunartillögu um aðgerðir í þágu sveitarfélaga vegna heimsfaraldurs kórónuveiru. Samtökin taka ekki afstöðu til þingsályktunartillögunnar í heild, en vilja koma á framfæri eftirfarandi athugasemd varðandi eitt af mikilvægustu verkefnum sveitarfélaga. Fráveitumál eru eitt af mikilvægustu umhverfismálum þjóðarinnar, sem snýr bæði að lýðheilsu og góðri umgengni um náttúruna.

Sveitarfélög bera ábyrgð á fráveitumálum en ljóst er að um afar kostnaðarsamar framkvæmdir er að ræða fyrir þau – og kostnaðarþátttaka ríkisins er því mikilvæg. Í júní 2020 var samþykkt breyting á lögum um uppbyggingu og rekstur fráveitna sem felur í sér átak á þessu sviði í samstarfi ríkis og sveitarfélaga. Í fjármálaáætlun 2021-2025 er gert ráð fyrir að 2,8 milljörðum verði varið til úrbóta í fráveitumálum á tímabilinu. Að mati samtakanna er það fagnaðarefni að á ný er ríkið að styrkja fráveituf framkvæmdir líkt og gert var á árunum 1995 – 2008 með góðum árangri. Samantekt á stöðu fráveitumála sýnir að þörf er á uppbyggingu í þessum málaflokki svo tryggja megi að núgildandi kröfur um fullnægjandi meðferð skólps séu uppfylltar um land allt. Alþingi samþykkti þann 31. mars fjármagn fyrir árið 2020 til uppbyggingar hjá sveitarfélögum í fráveitumálum, sem hluta af sérstöku tímabundnu fjárfestingarátaki vegna Covid hrunsins. Úthlutun þeirra fjármuna er hinsvegar ekki hafin og árið er að klárast. Samorka telur það vera óásættanlegt og óheppilegt fyrir fráveiturnar í landinu og þær úrbætur í umhverfismálum sem styrkja átti.

Fram hafa komið frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu hugmyndir um auknar kröfur til fráveitna samhliða þessu verkefni. **Þær breytingar fela í sér aukinn fjárfestingarkostnað á bilinu 19-22 milljarða fyrir sveitarfélög og veitur í þeirra eigu sem síðan lenda á íbúum og atvinnulífi.** Rekstrarkostnaður myndi aukast um a.m.k. 2 milljarða á ári. Þessi kostnaður kemur til viðbótar við þá 16 milljarða sem kostar að uppfylla núgildandi kröfur. Samtökin telja að hér sé um að ræða gríðarlega háan kostnað, sem komi á mjög slæmum tíma fyrir sveitarfélögin – án þess að sýnt hafi verið fram á að um sé að ræða nauðsynlega aðgerð sem skila muni betri niðurstöðum m.t.t umhverfis og samfélagsins alls. Samorka telur óráðlegt að herða kröfur á þessum tímavarki og að ekki sé heldur ljóst að það myndi skila umhverfislegum ávinningi en kostnaður yrði hins vegar í einhverjum tilvikum óyfistíganlegur

Að mati samtakanna er rétt að stuðningur stjórnvalda fari í að styðja við framkvæmdir sem snúa að því að uppfylla núgildandi kröfur, þ.e að fara í uppbyggingu hreinsistöðva fráveitna í litlum og meðalstórum sveitarfélögum hringinn í kringum landið. Í því felast miklar úrbætur fyrir umhverfið.

Samtökin bjóðast til að koma á fund nefndarinnar og ræða áherslur samtakanna. Að auki vísast til umsagna aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst, f.h Samorku



Páll Erland, framkvæmdastjóri.